

Bókaverðlaun barnanna 2014



Bókaverðlaun barnanna voru afhent í prettánda sinn í Borgarbókasafninu á degi læsis, 8. september 2014.

Verðlaunabækurnar eru valdar af börnum á aldrinum 6-12 ára.

Verðlaunin hlutu Gunnar Helgason fyrir *Rangstæður í Reykjavík* og Guðni Kolbeinsson fyrir þýðingu á *Amma Glæpon* eftir breska gamanleikarann David Walliams.

Á Bókasafni Grundarfjarðar var dregið úr innsendum seðlum og reyndust íslensku bækurnar, *Vísindabók Villa* og *Sóley Stjarna og Bleika plánetan* eftir Hugin Þór Grétarsson vinsælastar en *Dagbók Kidda klaufa 5 - Tómt vesen*, *Skúli skelfir - Líkaminn*, og *Amma glæpon* í flokki erlendra bóka.

Viðurkenningu fyrir þátttöku í 1. - 3. bekk hlaut:

Daniel Emmanuel K. Kwakye

... og í 4. -6. bekk hlaut viðurkenninguna:

Aníta Sól Valdimarsdóttir

